

Austurg. 17<sup>B</sup>

frumskily 3<sup>B</sup>

Linnetsdigu 9<sup>B</sup>

## Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

kunngjörir: Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi hennar 4. apríl. s. á.  
er herra Jóni Jónssyni, húsmanni, til heimilis við Austurgötu hjér í bræn-  
un

leigð á erfðafestu lóð undir og umhverfis íbúðarhús, er hann nú hefur í smíð-  
um. - Lóð þessi, sem er alls að flatarmáli 168.5 fermetrar, útlist þannig

Að suðvestan, meðfram lóð Guðjóns trjesmiðs Jónssonar, 13 m. - Að suð-  
austan liggur lóð Kristjáns Jónssonar, og er lengd lóðarinnar þar 14.5 m.  
Að norðaustan takmarkast lóðin af óbygðu landi bæjarins, 13 m., og að nord-  
vestan, meðfram lóð Margrjetar Guðmundsdóttar, 14.5 m. -

Leiguskilmálar eru þessir:

1. gr.

Lóðin er leigð til þess að byggja á henni hús og önnur mannvirki, svo og til rækt-  
unar og yfir höfuð til hvernna verklegra og vanalegra afnota, er eigi koma í bága við fyrir-  
skipanir veg- og byggingarnefndar og fyrirsmáli lögreglu- og heilbrigðissamþykta.

2. gr.

Lóðin er leigð til erfðafestu, þannig að leiguliði hefir rétt til að selja og veðsetja  
afnotarétt sinn til lóðarinnar ásamt húsum og mannvirkjum á henni, en vilji hann selja erfða-  
festurétt sinn að öllu eða nokkru leyti, hefir bæjarstjórnin forkaupsrétt.

3. gr.

Í leigu eftir lóðina greiði leiguliði ár hvert, fyrir 1. <sup>júlímánaða</sup> ~~októbermánaða~~ til gjalddkera  
bæjarsjóds kr. 11.32-ellefu-krónur, 32 aurar. -  
sem er 4% af virðingarverði lóðarinnar eftir mati fasteignarnefndar. — Gjaldldagi hinn fyrsti  
er ~~1. júlí 1917.~~ 1. júlí 1917. -

Hús og önnur mannvirki á lóðinni eru að veði fyrir lóðargjaldinu, og sé það eigi  
greitt í ákveðinn gjalddaga, má því til lákningar gjöra fjárnám í húsum öllum og mann-  
virkjum á henni án dóms og laga, samkvæmt 15. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og  
fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Flytji leiguliði öll húsnáð af lóðinni eða felli þau niður á einhvern hátt og greiði eigi lóðargjaldið, gengur samningur þessi úr gildi, og fellur lóðin þá aftur til eiganda án uppsagnar.

5. gr.

Innan 3ja mánaða frá undirskrift samnings þessa skal leigutaki eða umráðamaður lóðarinnar hafa sett glögg og varanleg merki um lóðina, er sýni hornmörk hennar.

6. gr.

Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð kunna að verða á erfðafestulóðir sem gjaldstofn.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði, hinn 11. júlí 1916


  
Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Við erfðafestubrési, sem þessu er samhljóða, hefi eg tekið, og skuldbind mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum.

Hafnarfirði, hinn 11. júlí 1916

Váttundarpottar:  
  
Guðrún Magnúsdóttir

  
Jón Jónsson



## HAFNARFJARÐARBÆR

BÆJARRITARI

ÞS/ath.

Hafnarfirði, 24. febr. 1986.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 20. þ.m. var lagt fram erindi frá Magnúsi Einarssyni og Catherine Harlow, þar sem óskað er eftir lóðarviðbót við lóðina nr. 9B við Linnetsstíg.

Bæjarráð samþykkti að heimila Magnúsi Einarssyni og Catherine Harlow afnot af ca. 50 m<sup>2</sup> spildu norðvestan lóðarinnar nr. 9B við Linnetsstíg til ræktunar. Spildan er af óúthlutuðu landi bæjarins og er áskilið að hún gangi aftur til bæjarins, hvenær sem krafist verður án hverskonar bóta fyrir ræktun eða lóð.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

---

Þorsteinn Steinsson.

┌ Bæjarverkfræðingur, ┐  
hr. Björn Árnason,  
Strandgötu 6,  
└ 220 HAFNARFJÖRÐUR. ┘

Afrit: Fasteignaskráning og byggingafulltrúi.